



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 30. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lögð til uppfærsla á jöfnunargjaldinu, til að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda, til samræmis við verðlagsbreytingar frá 2015, þ.e. að það hækki um 13%, sem þýðir að það verði 0,34 kr. á hverja kílóvattstund vegna forgagnsorku (í stað 0,30 kr.) en 0,11 kr. á hverja kílóvattstund vegna skerðanlegrar raforku (í stað 0,10 kr.).

SI hafa kynnt sér fyrirliggjandi frumvarp og gera samtökin ekki athugasemdir við efni þess enda um að ræða jákvætt skref í þeirri vegferð að jafna kostnað við dreifingu raforku á milli þéttbýlis og dreifibýlis.

Hins vegar, að gefnu tilefni, vísa samtökin hér til athugasemda sem fram koma í minnisblaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 7. desember sl., og birt er í málaskrá þessa máls. Þar er gerð grein fyrir kostum og göllum tiltekinna aðferða til að jafna kostnað á milli dreifibýlis og þéttbýlis, þar sem nefndar er t.a.m. leiðir sem fela í sér hækkun á gjaldskrá í þéttbýli og mest hjá þeim sem nota mikla orku og eru nefnd þar í dæmaskyni starfsemi garðyrkjubænda, gagnavera, stálsmiðja, bakara o.fl. Hvað slík áform varðar almennt leggjast SI alfarið á móti auknum álögum á atvinnulíf þ.m.t. allar breytingar á þá vegu að hækka til muna raforkukostnað á notendur. Þess í stað hvetja samtökin stjórnvöld til að lækka kostnað án þess að annarri starfsemi á þéttbýlum svæðum verði gert að niðurgreiða þá starfsemi.

Að gefnu tilefni, og í framhaldi af framanrituðu, óska SI eftir að koma á framfæri ábendingum til atvinnuveganefndar hvað varðar enn frekari hvata er varða hagræði á sviði gjaldtöku fyrir raforku og atvinnuuppbyggingu, þ.m.t. atvinnustarfsemi jafnt utan sem innan þéttbýlis. Benda samtökin á að samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, eru notendahópar raforku tvenns konar. Annars vegar almennir notendur, þ.e. heimili og fyrirtæki sem ekki teljast til stórnotenda og þ.m.t. sá notendahópur sem m.a. jöfnun á raforku tekur til, og hins vegar stórnotendur. Á grundvelli þessarar tvískiptingar er fyrirtækjum, sem nota ákveðið magn raforku á hverjum stað, heimilt að njóta ákveðins hagræðis sem stórnotendur. Notendahópur raforku hefur hins vegar tekið breytingum undanfarinn áratug eða frá þeim tíma sem raforkulög voru sett árið 2003. Í núverandi fyrirkomulagi er lítið hagræði fyrir orkusækinn iðnað að hefja starfsemi sem ekki fellur undir stórnotendahugtak raforkulaga og hagræði sem þeim er veitt með þeim lögum. Hins vegar telja samtökin mikilvægt að stuðla að hvata fyrir ýmsa starfsemi, sem notar ákveðið magn raforku án þess að ná lægra þrepi stórnotendahugtaks raforkulaga, til að



stuðla þannig að atvinnuuppbyggingu óháð þeim svæðum sem slík starfsemi er starfrækt. Slíkt myndi einnig veita raforkufyrirtækjum færi á að vaxa og dafna samhliða uppbyggingu viðskiptavina sinna. Í því skyni hafa samtökin talað fyrir því að regluverk raforkumála taki þannig tillit til svokallaðra millistórra notenda sem muni njóta þess í kjörum að nota mikla orku og um leið stuðla að atvinnuuppbyggingu hér á landi. Skora samtökin því á atvinnuveganefnd að taka slíkt fyrirkomulag til frekari skoðunar, s.s. að teknu tilliti til þess með hvaða hætti stórnotendur, að breyttu breytanda, eru skilgreindir í raforkulögum og útfærsla á því hugtaki í lögunum með hliðsjón af millistórum notendum.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lárus M. K. Ólafsson', written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála